



Stjórnarfundur

Stjórnarfundur var haldinn í Geysi 1. júlí sl. Mörg mikilvæg mál voru rædd. Meðal annars, aðgengismál, brunavarnir og fyrirhuguð náms- og kynnisferð til Stokkhólms 2. til 9. október og Evrópuráðstefna Fountain house sem haldin verður í Malmö 15. til 18. september. Á myndinni hér að ofan eru frá vinstri Jóhanna María stjórnarformaður, Hallgrímur Gunnarsson og Ögmundur Jónasson stjórnarmenn í Geysi.

Þjónar í eldhúsið

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að klúbbfélagar, sem ekki elda matinn í eldhúsdeildinni létti undir með þeim og bjóði sig fram til að framreiða matinn og ganga frá að honum loknum.

Þetta fyrirkomulag hefur tekist mjög vel, en alltaf má gera betur og hvetjum við félagar til að skrá sig í þessi verkefni. Félagar geta skráð sig í eldhúsinu. Munum að margar hendur vinna létt verk.

Félagar munið að skrá ykkur í hádegismat fyrir klukkan 10.00

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 09.00 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00.
Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar er opið til kl. 21.00

Framundan í ágúst

Mánudagur 2. ágúst

Lokað vegna frídags verslunarmanna.

⌋

Fimmtudagur 5. ágúst

Í stað opins húss höldum við í grillferð í Heiðmörkina kl 16.00 frá Skipholti

⌋

Laugardagur 14. ágúst

Ganga í Valaból fyrir ofan Hafnarfjörð ef veður leyfir. Mæting er kl. 13.00 í klúbbnum.

⌋

Fimmtudagur 19. ágúst

Nú hittumst við í Keilu í Öskjuhlíðinni kl. 20.00

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félagar til mæta á þessa fundi.

Húsfundir!

*Húsfundir eru haldnir tvisvar í viku, mánudaga kl. 09:30 og miðvikudaga kl. 13:00. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framsæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.
Allir að mæta!!!*

08. tölublað, ágúst 2004

Litli Hver



Basarstemmning í Geysi

Hinn 1. júlí var haldinn basar í Geysi. Frábær stemmning myndaðist á reitnum framan við klúbbhúsið. Eftir basarinn var opið hús. Félagar, vinir og nágrannar okkar létu sjá sig og gerðu margir góð kaup. Veðrið lék við viðstadda og því ekki að undra að vel var af látið. Eins og

sjá má á ljósmynd var ýmislegt á boðstólnum, sem hægt var að festa kaup á. Ágóðinn af basarum rennur í ferðasjóð, sem notaður verður fyrir sumar- og skemmtiferð féлага á næsta ári. Stefnit er að því að halda basar annan hvern mánuð.



Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími: 551-5166
Netfang: geysir@heimsnet.is
Veffang: www.kgeysir.is
Fax: 551-5136

Fyrirlestur: Að takast á við erfiða einstaklinga

Föstudaginn 13 ágúst kl. 13.00 mun Eyþór Eðvarðsson vinnustaða sálfræðingur halda fyrirlestur í Geysi 3. hæð sem hann nefnir; „Að takast á við erfiða einstaklinga“. Í fyrirlestrinum mun hann fjalla um hinar ólíku manngerðir sem birtast og brjótast út í einstaklingnum við ólíkar aðstæður. Eyþór er fjórlegur fyrirlesari,, fræðandi og skemmtilegur. Allir taki höndum saman og fjölmenni á fyrirlesturinn. Fyrirlesturinn er ókeypis.

Heimsókn frá Félagsmálaráðuneytinu.

Hemann Sæmundsson settur ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu og Þór G. Þórarinnsson skrifstofustjóri komu og kynntu sér starfsemi Geysis 22. júlí sl. Megin tilgangur heimsóknarinnar var að afla upplýsinga um RTR. Að lokinni ferð um húsið þáðu þeir hádegisverð og funduðu um málið með Önnu og Óðni. Fundurinn var mjög góður og ekki útilokað að samstarf geti orðið um RTR stöðugildi í ráðuneytinu.

Valið í valnefnd

Miðvikudaginn 28. júlí var valið í valnefnd á húsfundi. Þeir félagar sem valdir voru eru:

Fulltrúi starfsmanna er Kristín Björg. Fyrir hönd stjórnar er Jóhanna María. Nefndin mun boða alla sem buðu sig fram í viðtal. Valnefnd sinnir því hlutverki að velja féлага sem skulu fara á Evrópuráðstefnu Fountain House í Malmö í september og vinnuferð í Fontänhuset í Stokkhólmi í október. Áætlað er nefndin skili niðurstöðu um miðjan ágúst.



Basardagurinn góði

Myndin hér að ofan er af Jóni bónda og Sigurjóni Scheving félögum í Geysi, en blómarósín á milli þeirra heitir Hanna og er nágranni okkar. Hún kom færandi hendi og gaf fót á basarinn, þar á meðal jakka-fötin sem Jón og Sigurjón klæðast. Góð kaup þar hjá þeim félögum. Félagar og starfsfólk Geysis færir okkar góða nágranna bestu þakkir fyrir hugulsemi og velvild.

Smælki

Pylsusala er hafin í Káratérú á annarri hæð. Hin ágæta tería hefur nú vaxið fiskur um hrygg og erum við öll stolt af henni. Kostar **pylsan 120,- krónur** og saman kostar **pylsa og 1/2 l. af kók 200,- krónur**. Afgreiðslumenn taka viðskiptavinum teríunnar af alkunnri alúð og vinsemd.

Fréttir af húsfundum í júlí

5. júlí Rætt um að taka þátt í 13. ágúst skemmtun Ingólffstorgi. Engin ákvörðun tekin.

7. júlí Nýtt fyrirkomulag tekið upp á húsfundum, sem fólst í því, að deildirnar kynna störf liðinnar viku og það sem fram undan er. Tókst mjög vel. Lagðar voru fram reglur um notkun flugmiða frá Iceland Express. Einnig voru lagðar fram nýjar tillögur um skráningu í deildir, gestbók og skráningu í mat.

12. júlí Reglur um notkun flugmiða Iceland Express lagðar fram öðru sinni. Sex mánaða regla um þátttöku í utanlandsferðum á vegum klúbbsins numin úr gildi.

14. júlí Samþykkt að afþakka gömul föt og húsgögn sem ekki nýtast klúbbum eða klúbbsstarfinu. Lagðar voru fram breytingatillögur um flugmiðanotkun á flugmiðum Iceland Express. DK Retis ætlar að gefa klúbbum bókhaldsforrit og setja það upp í tölvu eldhúseildarinnar.

19. júlí Samþykkt var að velja féлага í valnefnd á húsfundi 28. júlí nk., vegna ráðstefnuferðar til Malmö. Tilkynnt var að Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri í Félagsmálaráðuneytinu kæmi á fund í Geysi 22. júlí.

21. júlí Ákveðið var að kanna verð á viftu fyrir skrifstofuna. Félagsleg dagskrá fyrir ágúst var ákveðin. Ákveðið var að hafa basar annan hvern mánuð, sem næst verður haldin í september. Rætt var um þátttöku í sumarhátíð 13. hópsins, sem fer fram þann 13. ágúst næst komandi.

26. júlí Ákveðið var að halda sænskunámskeið vikuna 23.-27. ágúst og er leit hafin af féлага til að sjá um sænskukennsluna. Einnig rætt um að hafa konu- og karlakvöld í haust.


28. júlí Tveir fulltrúar féлага í valnefnd

vegna tveggja ferða til Svíþjóðar í haust voru valdir. Þeir verða Ally og Ágúst. Nefndin mun koma saman við fyrsta tækifæri og hefja störf í framhaldi af því. Auglýst síðar.

Gjafir berast klúbbum

Klúbbum bærast gjafir frá Sigurði Andra Hjörleifssyni, féлага í Geysi. Hann gaf glæsileg skrifstofuhúsgögn og -búnað, sem kemur í góðar þarfir. Að auki hafa klúbbum, borist fleiri gjafir frá félögum og aðstandendum, svo sem, bækur, fax-tæki, borðtuskur og blóm. Við kunnum öllu þessu fólki bestu þakkir fyrir og óskum þess að félagar njóti góðs af.

Bókasafn í eigu klúbbsins



Sigurjón gluggar í bækurnar

Klúbbum hefur smám saman áskotnast safn bóka, sem saman mynda bókasafn klúbbsins. Hér gættir margra grasa, til að mynda má finna safnrit um sögu, sjálfshjáparbækur, sjálfsævisögur

og aðrar ævisögur, og ýmis konar skáldsögur. Búið er að koma upp bókasafni á þriðju hæð klúbbsins og verið er að skrá bækurnar til útláns í tölvuforrit. Þeir sem vilja vera með í skráningu á bókum til útláns eða fá lánaðar bækur er það hér með velkomnið.



Kynningar fyrir nýja féлага eru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10.00 til 12.00